

Akureyrarbær.  
Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri.  
Geislagötu 9.  
600 Akureyri.

Reykjavík 4. febrúar 2022.

**Efni:** Ástand brunavarna í fasteigninni að Austurbyggð 17, Akureyri – Heilsuvernd Hjúkrunarheimili.

Bréf þetta er ritað fyrir hönd Heilsuverndar Hjúkrunarheimilis ehf., kt. 690415-1350 (HH), en undirritaður er jafnframt stjórnarformaður félagsins.

Hinn 13. apríl 2021 var gerður samningur milli HH og Sjúkratrygginga Íslands um yfirtöku HH á rekstri Öldrunarheimila Akureyrar.

Fyrir lá að ástand brunavarna hússins var slæmt þegar HH yfirtók reksturinn. Komið hefur í ljós að ástand þeirra var mun verra en HH gerði ráð fyrir við yfirtökuna.

Eins og Akureyrabæ er kunnugt gerði Slökkvilið Akureyrarbæjar úttekt á brunavörnum fasteignarinnar 15. janúar 2019 og hefur gert það árlega síðan, nú síðast í gær. Niðurstaðan er sú að nú rúmum þremur árum síðar má segja að ástandið sé enn það sama, nema þolinmæði Slökkviliðsins vegna aðgerðarleysisins er alfarið þrotin. Slökkviliðið hefur í dag sent bréft til Akureyrar, þar sem fram kemur að lokun húsnæðisins sé yfirvofandi, verði ekki brugðist við fyrir 25. febrúar þ.m. Í bréfinu er listuð upp forgangsröðun verkefna.

Vart þarf að taka fram hversu alvarlegt málið er. Íbúar heimilisins eru um 108 og notendur dagþjálfunar um 55. Starfsmenn í húsi eru að jafnaði nálægt 100. Þar eru ótaldir aðstandendur og aðrir sem kom inn í húsið. Það er vitaskuld með öllu óásættanlegt gagnvart öryggi allra þessara einstaklinga að eigendur fasteignarinnar Akureyrarbær og íslenska ríkið hafi látið svo alvarlegar athugasemdir um brunaöryggismál hússins, sem vind um eyru þjóta í allan þennan tíma. Það segir sig sjálft að lokun heimilisins myndi setja umhverfi allra vistmanna í fullkomíð uppnám, enda hefðu fáir í neitt annað húsaskjól að hverfa en til nánustu ættingja. Margir hafa

ekki slík úrræði og með öllu óljóst hvert þeir ættu að fara. Slíkt gengur ekki upp, eins og gefur að skilja.

HH gerir hér með kröfu þess efnis að Akureyrarbær sjái til þess að þeim málum sem varða brunavarnir hússins verði komið í lag fyrir þann tímafrest sem gefinn er af hálfu slökkviliðsins.

Þess er óskað bréfi þessu verði svarað án tafar.

Meðfylgjandi eru þau skjöl sem skipta máli.

Virðingarfyllst,

Einar Þór Sverrisson, lögmaður  
stjórnarformaður HH.

Samrit sent:

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir  
Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri  
Borgartúni 7a  
105 Reykjavík.

Meðfylgjandi:

1. Skoðunarskýrsla Slökkviliðs Akureyrar dagsett 3. febrúar 2022.
2. Áminning og viðvrun um yfirvofandi lokun húsnæðis frá Slökkviliði Akureyrar dagsett 4. febrúar 2022.
3. Úttektarskýrsla brunaviðvrunarkerfis.